

Um 3. Þessum lið hefur stefndi mótmælt sem allt of háum. Með hliðsjón af því, sem sagt var undir 2. lið um legu stefnanda, svo og öðrum læknisvottorðum og gögnum í málinu þykja bætur samkvæmt þesum lið hæfilega ákveðnar kr. 2000.00.

Úrslit málsins verða því þau, að stefnda verður dæmt að greiða stefnanda að $\frac{1}{3}$ hluta bætur þær, er að framan greinir, eða alls kr. 1492.00 auka vaxta, eins og krafizt var, svo og málskostnað, sem ákveðst kr. 300.00.

Árni Tryggvason borgardómari kvað upp dóm þenna.

Þvi dæmist rétt vera:

Stefndi, Strætisvagnar Reykjavíkur h/f., greiði stefnanda, Ragnheiði Árnadóttur, kr. 1492.00 með 5% ársvöxtum frá 3. október 1944 til greiðsludags og kr. 300.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 24. október 1945.

Nr. 24/1945. Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs

(Sigurður Ólason)

gegn

Kristjáni Þorgrímssyni (Ólafur Þorgrímsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Fébótamál samkvæmt lögum nr. 99/1943.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 21. febrúar 1945, krefst þess, aðallega að hann verði algerlega sýknaður, til vara, að hann verði sýknaður að svo stöddu, og til þrautavara, að dæmd fjárhæð verði færð niður eftir mati dómsins. Loks krefst hann, að honum verði dæmdur málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, aðallega að héraðsdómurinn verði staðfestur, en til vara, að honum verði dæmdar bætur eftir mati dómsins. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Umboðsmenn aðilja hafa lýst yfir því hér fyrir dómi, að skýrslur hafi ekki fengist hjá heryfirvöldum Bandaríkja um aðdraganda slyss þess, er í máli þessu greinir, en samkvæmt þeim gögnum, er lögð hafa verið fram í málinu og lýst er í héraðsdómi, hlautt tjónið af völdum amerískrar flugvélar, er var á vegum Bandaríkjahers, án þess að vangæzlu stefnda væri á nokkurn hátt til að dreifa. Ber því að bæta stefnda tjón hans samkvæmt ákvæðum laga nr. 99/1943.

Kemur þá til athugunar skaðabótakrafa stefnda, sem sundurliðuð er í héraðsdómi.

1. Tveir dómkvaddir menn hafa metið kostnað af viðgerð þeirri, sem fram fór á bifreið stefnda eftir slysið, og kveða þeir viðgerðarkostnað þenna hæfilega talinn kr. 13262.36. Rétt þykir, eins og á stendur, að leggja matsgerð þessa til grundvallar og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda fjárhæð þessa.
2. Rétt þykir að staðfesta ákvæði héraðsdómsins um fébætur fyrir missi bifreiðarinnar í 24 daga og atvinnumissi um sama tíma.

Samkvæmt framanrituðu ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda kr. 13262.36 + kr. 2500.00, eða kr. 15762.36 ásamt 6% ársvöxtum frá 3. júní 1944 til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað í héraði á að vera óraskað.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, sem ákveðst kr. 1000.00.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. rikissjóðs, greiði stefnda, Kristjáni Þorgrímssyni, kr. 15762.36 ásamt 6% ársvöxtum frá 3. júní 1944 til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað.

Áfrýjandi greiði stefnda kr. 1000.00 upp í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. desember 1944.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. þ. m., hefur Kristján Þorgrímsson bifreiðarstjóri hér í bæ höfðað fyrir bæjarþinginu eftir árangurslausa sáttumleitun með stefnu, útgefinni 15. júní s. l., gegn fjármálaráðherra f. h. rikissjóðs til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 17702.46, eða annarrar lægri fjárhæðar eftir mati dómara auk 6% ársvaxta frá 2. október 1943 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu, til vara sýknu að svo stöddu og til þrautavara verulegrar lækkunar á dómkröfum stefnanda að mati dómara. Þá hefur hann og krafizt lækkunar vaxta í 5% og aðallega málskostnaðar sér til handa, en til vara, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Málsatvik eru þessi:

Hinn 2. október f. á. var stefnandi að vinnu með bifreið sína, R 728, á flugvellinum hér við bæinn. Var stefnandi þar að vinna í þarfir setuliðsmanna. Um kl. 11.20 var verið að moka hlassi á bifreiðina, en stefnandi sat í stýrishúsi. Í þeim svifum bar að ameríska herflugvél, sem var að reyna af hefja sig til flugs, en rakst á bifreiðina og skemmdi hana mikið. Stefndanda tókst þó áður að bjargast út úr bifreiðinni og sakaði lítt eða ekki. Þegar eftir áreksturinn komu brezk hernaðaryfirvöld á vettvang, og var bifreiðinni þegar í stað komið fyrir til viðgerðar hjá bifreiðaverkstæði Tryggva Péturssonar & Co hér í bænum. Viðgerð á bifreiðinni var lokið að fullu hinn 24. nóvember f. á., og nam kostnaðurinn samtals kr. 14570.93. Auk þess kveðst stefnandi hafa orðið fyrir vinnutjóni, samtals kr. 3131.52. Þar eð hernaðaryfirvöld Bandaríkjanna, sem áttu vél þá, er slysinu olli, hafa ekki viljað greiða stefndanda fyrrgreindar bætur, hefur stefnandi höfðað þetta mál gegn fjármálaráðherra Íslands með skírskotun til laga nr. 99 frá 1943.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að samkvæmt fyrrgreindum lögum sé rikissjóði skylt að bæta íslenskum ríkisborgurum tjón, er þeir biða vegna aðgerða hernaðaryfirvalda Bandaríkjanna Norður-Ameríku, enda séu þau bótaskyld að íslenskum lögum. Kveður hann stjórnendur fyrrgreindrar flugvélar hafa átt alla sök á árekstrinum, enda hafi staður sá, er bifreiðin var á, verið valinn af manni þeim, er sagði stefndanda fyrir verkum.

Stefndi byggir aðalkröfu sína á því, að hernaðaryfirvöld Bandaríkjanna beri ekki ábyrgð á slysi þessu, heldur séu brezk hernaðaryfirvöld ábyrg vegna þess, að stefnandi hafi verið við vinnu í þágu þeirra á flugvellinum, sem sé eign þeirra, og að þeirra sé sökin á því, að bifreið stefndanda var látin standa svo nærri flugbraut, að slys þetta hlaut af.

Þótt viðurkennt sé, að stefnandi var að vinnu í þágu brezka hersins og á flugvelli, er lýtur yfirráðum hans, verður ekki fallt á rök stefnda fyrir sýknukröfu hans, þar eð ekkert hefur uppi komið í málinu, er sýni, að ógætilega hafi verið að farið af hálfu stefnanda eða þeirra, sem sögðu honum fyrir verkum, en hins vegar óvæfengt, að flugvél sú, er slysinu olli, var eign hernaðaryfirvalda Bandaríkja Norður-Ameríku. Verður því samkvæmt ákvæðum fyrrgreindra laga nr. 99 frá 1943 að telja stefnda bera bótaábyrgð á tjóni stefnanda af slysi þessu.

Varakröfu sína byggir stefndi á því, að bótaskylda hans samkvæmt lögnum verði ekki virk fyrr en þrautreynt sé, hvort tjónþoli geti ekki fengið bæt看 með samningum við fulltrúa hernaðaryfirvaldanna. Kveður stefndi, að í þessu tilviki sé fjarri því, að reynt hafi verið til hlítar að ná samkomulagi um fjárhæð bótanna, enda hafi gögnum þeim, er stefnandi studdi við kröfur sínar, verið mjög ábóta vant og því eigi fyrir það girt, að samningur gætu tekizt á grundvelli ýtarlegri gagna af hans hálfu. Ekki verður séð, að þessi rök eigi stoð í nefndum lögum, heldur virðast lögin heimila tjónþolum beinan bótarétt á hendur stefnda, sem öðlast við það hinn sama rétt á hendur þeim, er tjóninu valda. Verður varakrafa stefnda því eigi tekin til greina.

Kemur þá til athugunar fjárhæð skaðabótanna og þar með þrautavarakrafa stefnda. Stefndi hefur haldið því fram, að reikningurinn fyrir viðgerðarkostnaðinn sé óhæfilega hár, einkum að því er varðar smíði hins nýja stýrishúss, og telur hann verð þess allt of hátt í hlutfalli við verðmæti bifreiðar stefnanda yfirleitt. Að tilhlutan stefnda hafa tveir dómkvaddir menn metið kostnað af viðgerð þessari, og nemur mat þeirra, er fram fór í þessum mánuði, kr. 13262.36. Heldur stefndi því fram, að stefnanda hafi borið að láta fara fram mat sem þetta svo og lögreglurannsókn þegar eftir áreksturinn til þess að tryggja sönnur um það, hversu miklu tjónið nam raunverulega, og verði hann því nú að þola niðurfærslu bótanna umfram matsfjárhæðina, sem eigi verði á byggt, af því að aðstæður allar voru erfiðari matsmönnum, er svo langt er um liðið.

Bifreið stefnanda er 3 smálesta vöruflutningabifreið frá 1939, og er eigi vefengt, að stýrishúsið hafi verið smíðað árið 1940, en uppi hefur komið í málinu, að meðalending slíkra húsa sé 7—8 ár. Með hliðsjón af þessu svo og því, að matsfjárhæðin er litlu lægri en reikningsfjárhæðin, þykir rétt að taka bótakröfu stefnanda til greina óbreytta að þessu leyti.

Verður þá næst fyrir að athuga bæt看 fyrir vinnutjón. Stefndi hefur sundurliðað kröfu sína svo: A) missir bifreiðarinnar í 24 daga, kr. 80.00 á dag = kr. 1920.00, og b) verkamannakaup í 24 daga, kr. 50.48 á dag = kr. 1211.52. Heldur hann því fram, að

hann hafi engar tekjur haft þann tíma, sem viðgerðin tók, enda ekki verið vinnufær fyrstu vikurnar eftir slysið vegna meiðsla, er hann hafi hlotið þá. Skýrir hann og þannig frá, að þótt viðgerðin hafi staðið yfir nærri tvo mánuði, krefjist hann nú einungis bóta fyrir 24 daga vinnutjón, vegna þess að hann hafi í samningaumleitunum sínum við hernaðaryfirvöldin látið þá kröfu nægja til samkomulags.

Það verður að telja, að miðað við vinnustundafjölda viðgerðarinnar og annað það, er máli skiptir í þessu sambandi, sé dagafjöldi sá, sem bóta er krafist fyrir, sanngjarn. Með hliðsjón af því svo og því, sem upp hefur komið um atvinnumöguleika bifreiðar af þessari gerð, þykja bætur stefnanda samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 2500.00.

Málalok verða því þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 14570.93 + kr. 2500.00, eða samtals kr. 17070.93, með 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi, 3. júní s. l., svo og málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 1000.00.

Árni Tryggvason borgardómari kvað upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Kristjáni Þorgrímssyni, kr. 17070.93, með 6% ársvöxtum frá 3. júní 1944 til greiðsludags og kr. 1000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 26. október 1945.

Kærumálið nr. 10/1945. Højgaard & Schultz A/S
gegn

h/f Fiski og Ís

Synjun framhaldsfrests í máli.

Dómur hæstaréttar.

Með kæru 25. sept. þ. á., sem hingað barst 12. þ. m., hefur sóknaraðili kært úrskurð, kveðinn upp á bæjarþingi Reykjavíkur 25. sept. s. l., þar sem sóknaraðilja var synjað um frekari frest í máli varnaraðilja gegn honum.

Hæstarétti hafa ekki borizt neinar kröfur eða greinargerð frá sóknaraðilja, en ætla verður, að hann áfrýi úrskurðin-